

Reikningsskilaráð ríkisins

15. Fundur – 17. janúar 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 14. fundar samþykkt. Farið var yfir bókun ráðsins frá fundi 14 um samhengi IPSAS við ársreikningalög og var hún samþykkt.

2. Reikningsskilastaðlar og tímalína innleiðingar

- Innleiðingartímabilið er 3 ár. Fjármálaráðuneytið á að leggja innleiðingaráætlun til þriggja ára fyrir Reikningsskilaráð til afgreiðslu sbr. þingsályktun um stofnefnahagsreikninga.
- Tímalína liggur að mestu fyrir.
- Fram kom að mikill meirihluti ríkisstofnana mun innleiða breytingar að fullu á ári 1, þ.e. 2017. Fáar stofnanir þurfa lengri tíma svo sem Sjúkratryggingar Íslands vegna skuldbindinga og ætla má stærri stofnanir með flóknari rekstur þurfi einnig lengri tíma.
- Innleiðing staðals um mat á langtímaskuldum kallar á breytingar á mati skulda. Sérfræðingur frá KPMG hefur verið fenginn til að greina umfangið. Gera má ráð fyrir að endurmatið feli í sér einhverja hækkun á skuldum, en svo dæmi sé tekið þá leiðir vaxtalækkun á markaði af hækkun á mati skulda vegna minni afvöxtunar við núvirðingu. Þessi staðall verður innleiddur á innleiðingartímabilinu.
- Farið var yfir aðra þætti innleiðingarinnar og gang mála.

3. Stofnefnahagsreikningar, niðurstaða

Verið er að undirbúa stofnefnahagsreikninga til að senda stofnunum til staðfestingar og er gert ráð fyrir að þeir liggja að megninu til fyrir í lok janúar. Fjársýslan vinnur samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins um meðferð fjárfestinga þannig að framlag til fjárfestingar telst fyrirframgreiðsla (fjárfestingarheimild) sem dreifist yfir líftíma eignarinnar í samræmi við afskriftir til að jafna gjöld og tekjur í rekstrarreikningi. Áfallið orlof verður fært hjá stofnunum sem skuldbinding og á móti til lækkunar á eigið fé. Unnið er að útfærslu á því hvernig á að bæta stofnunum upp þessi áhrif á eigið fé, mögulega með því að í frumvarpi til staðfestingar á ríkisreikningi 2017 verði samþykkt heimild til breytingar á stofnefnahagsreikningi sem hækki eigið fé stofnana og á móti sem kröfu á ríkissjóð í gegnum viðskiptareikning. Hlutdeildaraðferð við meðhöndlun eignarhluta í félögum verður tekin inn strax inn á fyrsta ári. Verið er að fullvinna aðferðafræði við eignamat fasteigna og stefnt að því að allar fasteignir ríkisins verði teknar inn hjá ríkissjóði 99100 í stofnefnahag í ársbyrjun 2017.

4. Ríkisreikningur 2017

Unnið er að endurskipulagningu á uppbyggingu og framsetningu nýs ríkisreikning fyrir árið 2017 út frá LOF og þeim kröfum sem IPSAS staðlarnir gera. Farið var yfir drög að yfirliti um hvernig

uppsetningin getur litið út og þau lagaskilyrði sem þarf að uppfylla. Var það skoðað út frá beinum kröfum LOF og reikningsskilastaðla. Mikil bjartsýnisáætlun miðar við útgáfu Ríkisreiknings 2017 um miðjan maí 2018 en þá þarf allt að ganga upp, en ætla má að ýmislegt eigi eftir að tefja þessa áætlun. Þá eru uppi hugmyndir um að gefa ekki út prentað eintak af stærri bókinni eins og verið hefur heldur að gera slíkt efni aðgengilegt á vef Fjársýslunnar.

5. Samskipti við reikningsskilaráð almenna markaðarins vegna lagabreytinga

Á síðasta fundi RR var ríkisendurskoðanda falið að hafa samband við reikningsskilaráð almenna markaðarins (RAM) og ræða afstöðu þeirra til lagabreytingar á ársreikningalögum m.t.t. IPSAS. Greinilegt var að RAM taldi eðlilegt að ríkið skoðaði LOF frekar í þessu tilliti en voru reiðubúnir til viðræðna um álitamál þessu tengdu. Okkar niðurstaða var að í ljósi þessa sé farsælast að einbeita sér að lagabreytingu á LOF til að ná okkar markmiðum. Jafnframt kom fram í umræðunni að eftir að LOF voru samþykkt á Alþingi hefði ársreikningalögum verið breytt og m.a. bætt þar inn tilvísun til IFRS. Með því væri forsenda LOF brostin varðandi einfaldari reikningsskil fyrir ríkisaðila í A-hluta með tilvísun til ársreikningalaga frekar en IPSAS. Í ljósi þessa er því full ástæða til að skoða málið að nýju með tillit til þess hvort ekki eigi að gera allan A-hlutann samkvæmt IPSAS. Upphafleg ástæða þess að svo var ekki gert í LOF var að það var talið flækja reikningsskil A-hluta aðila of mikið vegna krafna staðlanna um ítarlegar skýringar og áhættugreiningar. Því væri einfaldara að stofnanir miðuðu við ársreikningalög. Í ljósi framangreindra breytinga á lögnum með tilvísun til IFRS sýnist því sú forsenda brostin. Því sé rétt að skoða breytingu á LOF með tillit til þess að allt verði samkvæmt IPSAS, og þá etv huga að því hvort bæta eigi inn einhverjum fyrirvörum ef hætta þykir á að kröfur staðalsins geri stofnunum það of erfitt fyrir. Niðurstaða RR var að Fjársýsla, Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytið setji saman vinnuhóp og feli fulltrúum sínum að fara ofan í þetta og skila tillögum til ráðsins.

6. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 7. febrúar kl. 9:00